



Stjórn SSH 344. fundur

Mánudaginn 7. desember 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Gunnar Einarsson, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Pálmi Másson og Sigurbjörn Hjaltason.

Hanna Birna Kristjánsdóttir boðaði forföll

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Sorpa bs.

Á fundinn mætti Herdís Sigurjónsdóttir stjórnarformaður Sorpu bs. og Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri og kynntu fyrirbyggjandi hugmyndir að framtíðarlausnum í meðhöndlun og förgun úrgangs. Ennfremur var farið yfir hlutverk og tilgang byggðasamlagsins.

Umræður

Niðurstaða:

Sorpa bs. mun kynna fyrirbyggjandi hugmyndir að framtíðarlausnum fyrir umhverfisnefndum og bæjarstjórnnum aðildarsveitarfélugganna á næstunni.

2. Fjárhagsáætlanir.

Rætt var um stöðu við gerð fjárhagsáætlana aðildarsveitarfélugganna og viðræður við menntamálaráðuneytið v. mögulegra leiða til aukinnar hagræðingar í rekstri grunnskóla.

3. Mál sem aðalfundur SSH 6. nóvember sl. vísaði til stjórnar SSH.

Fyrir lágu tvö mál sem aðalfundur SSH vísaði til stjórnar:

a) Málefni Strætó bs.

Umræður – afgreiðslu frestað.

b) Tillaga Ármanns Kr. Ólafssonar um úttekt á umfangi ólögbundninna útgjalda aðilarssveitarfélugga SSH.



- Framkvæmdastjóra falið að kanna hvað liggur fyrir af upplýsingum hjá aðildarsveitarfélögunum.

4. Önnur mál.

- a) Fjölsmiðjan – húsnæðismál, úrvinnsla og staða.**
Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu máls.
- b) Erindi VSÓ v. umferðarlíkans fyrir höfuðborgarsvæðið.**
Frestað.
- c) Erindi v. „Menntasmiðjan – nám fyrir lífið“**
Frestað.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45